# TIL STUÐNINGS börnum & FORELDRUM

FORELDRAHÚS

FORELDRA: síminn 5811799

- opinn allan sólarhringinn...

www.vimulaus.is

## Fjölskylduráðgjöf

### Foreldrasíminn - Viðtöl - Ráðgjöf

Fjölskylduráðgjöfin er opin alla daga ársins og allan sólarhringinn þar sem foreldrar geta alltaf hringt í Foreldrasímann 5811799. Í Foreldrahúsi veitir fagfólk samtakanna viðtöl og ráðgjöf fyrir foreldra og börn þeirra.

## Stuðningshópar fyrir foreldra

Á hverju ári eru starfandi foreldrahópar allt árið en um 14 foreldrar fylla hvern hóp. Fagfólk sér um að leiða þessa foreldrahópa sem ætlaðir eru foreldrum með börn og unglinga í vanda.
Markmið Fjölskylduráðgjafarinnar er að styðja alla fjölskylduna til heilbrigðs lífernis.

## Námskeið - Forvarnastarf

Í Foreldrahúsi fer fram ýmis önnur starfsemi, s.s. fræðslufundir fyrir foreldra en allan veturinn eru námskeið fyrir börn og unglinga og fjölskyldur þeirra. Í viku hverri eru haldin námskeið sem standa öllum landsmönnum til boða þótt flest þeirra séu haldin á Reykjavíkursvæðinu.

- **V.E.R.A.** (VIRÐING – EFLING – REYNSLA – AUÐUR)
  V.E.R.A. er fyrir börn og unglinga frá aldrinum 6 -18 ára með áhættuhegðun; einstaklingar sem eiga við hegðunarerfiðleika að stríða sem og tilfinningalega vanlíðan og þurfa mikinn stuðning.

- **Börnin okkar**
  Námskeið fyrir 10-12 ára. Markmiðið er að byggja börn upp fyrir unglingsárin. Þau læra að takast á við hluti og efla sjálfstraust sitt og trú á eigin getu, m.a. að læra að segja nei við óæskilegum þrýstingi frá samfélaginu.

- **Sjálfsstyrking unglinga**
  Fyrir 13-17 ára. Námskeiðið stendur yfir í 10 vikur en stundum eru framhaldsnámskeið fyrir þá sem þess óska. Lagt upp úr því að efla sjálfstraustið og félagslega færni, að skilgreina eigin tilfinningar og líðan og öðlast betra líf, að lifa sátt og án vímugjafa.

## Eftirmeðferð fyrir unglinga

Í Foreldrahúsi er rekin eftirmeðferð fyrir ungmenni sem lokið hafa formlegri meðferð vegna vímuefnaneyslu. Markmið eftirmeðferðarinnar er að vera stuðningur við unglinginn í viðleitni hans til að halda sér frá vímuefnum og að ná tökum á lífi sínu. Foreldrar eru samhliða hvattir til að nýta sér hópastarfið.

**GEYMDU ÞETTA EINTAK**

VÍMULAUS ÆSKA

SKRÁNINGASÍMI: 511 6161



FORELDRAHÚS

Borgartúni 6 105 Reykjavík 511 6161